



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri Menningar- og íþróttasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþróttá- og tómstundaráði varðandi starfsmannafjölda nýs menningar- og íþróttasviðs**

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 27. janúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir upplýsingum um starfsmannafjölda nýs menningar- og íþróttasviðs og sundurliðuðu yfirliti eftir deildum, starfstöðum, stöðugildum og starfshlutfalli.

#### **Svar:**

Á starfstöðum nýs sameinaðs sviðs menningar- og íþróttamála fer fram fjölbreytt starfsemi. Eðli starfseminnar á mörgum starfstöðum er þannig að mikið er um hlutastörf og margir í tímavinnu, sérstaklega skólafólk. Einnig bætast við sérstök sumarstörf á sumrin og fjölga þá starfsfólki. Á skrifstofu sviðsins starfar sviðsstjóri ásamt sérfræðingum í fjármálum, mannauðsmálum, menningarmálum, öryggismálum, starfrænum málum ásamt markaðsmálum í 50% - 100% starfshlutfalli. Í sundlaugum og í Nauthólsvík starfa forstöðumenn, laugarverðir og vaktstjórar í 22% - 100% starfshlutfalli fyrir utan starfsfólk sem er á tímavinnusamningi. Í Hinu húsinu starfar forstöðumaður ásamt deildarstjórum, verkefnastjórum, frístundarágjöfum og frístundaleiðbeinendum í 30% - 100% starfshlutfalli. Í Fjölskyldu- og húsdýragarði starfar forstöðumaður ásamt deildarstjórum, dýrahirðum, aðstoðardýrahirðum, verkefnastjórum og vélaeftirlitsmönnum í 70% - 100% starfshlutfalli. Á skíðasvæðunum starfar forstöðumaður ásamt rekstrarstjóra, vélaeftirlitsmönnum, vaktstjórum og tækjavörðum í 100% starfshlutfalli hluta úr ári ásamt fjölda af starfsfólki á tímavinnusamningi. Á Borgarbókasafni starfar forstöðumaður ásamt deildarstjórum, verkefnastjórum, bókarvörðum og öðrum sérfræðingum í 70% - 100% starfshlutfalli. Á Listasafni starfar forstöðumaður ásamt deildarstjórum, verkefnastjórum, móttökufulltrúum og öðrum sérfræðingum í 80%-100% starfshlutfalli. Á Borgarsögusafni starfar forstöðumaður ásamt deildarstjórum, verkefnastjórum og öðrum sérfræðingum í 50%-100% starfshlutfalli.

Hér er tafla sem sýnir fjöldi stöðugilda og starfsfólks eftir starfseiningum. Þetta eru meðaltalstölur og fjölga starfsfólk mjög á sumrin vegna sérstakra sumarstarfa en fækka svo á veturna.



<b>Starfseining</b>	<b>Fjöldi stöðugilda</b>	<b>Fjöldi starfsfólks</b>
Skrifstofa MÍR	21.50	22
Skíðasvæðin	30.00	155
Sundlaugar, íþróttahús og Nauthólsvík	204.00	512
Fjölskyldu- og húsdýragarður	39.00	122
Hitt húsið	55.00	207
Listasafn Reykjavíkur	26.00	61
Borgarsögusafn	43.00	70
Borgarbókasafn	80.00	102
Fjöldi alls	498.5	1229

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri